



Vatnajökulsþjóðgarður

Upplýsingaöryggisstefna



22. mars 2019

Útgáfa 1.0

Áherslur í Upplýsingaöryggisstefnu Vatnajökulspjóðgarðs

Vatnajökulspjóðgarður leggur áherslu á að verja upplýsingar stofnunarinnar fyrir öllum ógnum, innri og ytri, af ásetningi, vegna óhappa eða af slysi. Tryggja þarf öryggi á viðeigandi hátt og varðveita leynd, réttleika og tiltækileika.

Upplýsingaöryggisstefnan lýsir áherslu Vatnajökulspjóðgarðs á upplýsingavernd og öryggi í allri meðferð og vinnslu upplýsinga.

Fagleg vinnubrögð eru lykillinn að árangri og til marks um það er þessi upplýsingaöryggisstefna sett. Innleiðing og framkvæmd stefnunnar er mikilvæg til að fullvissa starfsmenn, samstarfsaðila og viðskiptavinum Vatnajökulspjóðgarðs um heilindi og rétt vinnubrögð í rekstri stofnunarinnar.

Upplýsingaöryggisstefnan nær til umgengni og vistunar allra upplýsinga (gagna) í vörslu Vatnajökulspjóðgarðs. Einnig til allra samskipta starfsmanna, hvers konar skráningar, vinnslu, samskipta, dreifingar, geymslu og eyðingar upplýsinga. Stefnan nær einnig til húsnæðis og búnaðar þar sem upplýsingar eru meðhöndlaðar eða vistaðar.

Áreiðanleg og örugglega varðveitt gögn eru ávallt aðgengileg

Unnið er að heildarskipulagi fyrir öll gögn Vatnajökulspjóðgarðs, þar sem geymslustaðir allra gagna verða skilgreindir. Almennt vinna starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs ekki með viðkvæmar upplýsingar sem krefjast leyndar eða trúnaðar. Það er mikilvægt að gögn séu rétt og aðgengileg þegar þörf er á þeim. Áhættumat er gert reglulega fyrir upplýsingaeygnir stofnunarinnar þar sem fjallað er um leynd, réttleika og tiltækileika. Á þennan hátt er hægt að meta verðmæti upplýsingaeygna, viðkvæmni þeirra og ógnir sem geta stefnt þeim í hættu.

Réttleiki og aðgangur að gagnasöfnum

Alltaf eru til áreiðanleg og örugglega varðveitt afrit af upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir starfsemi stofnunarinnar. Gerð er krafa um að tölvufyrirtæki sem stofnunin er í samstarfi við og tengjast upplýsingaöryggi hennar, hafi vottun skv. upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001 eða geti sýnt fram á öryggi gagna sem þeir vista fyrir Vatnajökulspjóðgarð.

Lög og reglur sem gilda um meðferð skjala og upplýsinga

Reglulega er farið yfir hvaða lagalegu kröfur og aðrar kröfur sem gilda um starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs.

Viðbrögð við frávikum, brotum eða gruns um veikleika

Allir starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs fá fræðslu varðandi upplýsingaöryggi og ábyrgð þeirra hvað varðar upplýsingaöryggi á starfsmannfundum, þar sem einnig er minnt á upplýsingaöryggisstefnuna. Frávik, brot eða grunur um veikleika í upplýsingaöryggi eru skráð og fylgt eftir með úrbótum.

Aðgerðaáætlun fyrir Upplýsingaöryggisstefnu

Áherslur í Upplýsingaöryggisstefnu Vatnajökulspjóðgarðs

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Unnið er að heildarskipulagi fyrir öll gögn Vatnajökulspjóðgarðs	Sérfræðingur á skrifstofu	2022
Gagnaskipulagið er endurskoðað á þriggja til fimm ára fresti. Sérfræðingur á skrifstofu skipuleggur þá endurskoðun í samstarfi við verkefnastjóra tölvukerfis	Fjármálastjóri Sérfræðingur á skrifstofu	2025

Áreiðanleg og örugglega varðveitt gögn eru ávallt aðgengileg

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Áhættumat er framkvæmt með reglubundnum hætti	Sérfræðingur á skrifstofu Fjármálastjóri	2020 - 2022
Árlega er farið yfir stöðu samninga við þessa þessa aðila sem eru um leið vinnsluáðilar.	Fjármálastjóri	Febrúar

Lög og reglur sem gilda um meðferð skjala og upplýsinga

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Reglulega er farið yfir hvaða lagalegu kröfur og aðrar kröfur sem gilda um starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Sérfræðingur á skrifstofu	Febrúar

Viðbrögð við frávikum, brotum eða gruns um veikleika

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Minnt er á upplýsingaöryggisstefnuna með reglubundnum hætti og hún kynnt árlega á starfsmannafundum.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Sérfræðingur á skrifstofu	Maí

Endurskoðun stefnunnar

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Upplýsingaöryggisstefnan er endurskoðuð á þriggja ára fresti eða oftár ef þörf krefur.	Sérfræðingur á skrifstofu	Mars 2022